

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skagafirði.

Deiliskipulag – Hraun í Fljótum.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 22. fundi sínum 17. janúar 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraun í Fljótum. Skipulagssvæðið er 48 ha að stærð og afmarkast af Siglufjarðarvegi og landnotkunarreitum AF-19, VP-09 og VP-10 í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035. Aðkoma að svæðinu er frá Siglufjarðarvegi. Markmið deiliskipulagsins er að gera landeiganda kleift að hefja uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu með byggingu mannvirkja sem styðja slíkan rekstur. Viðfangsefni tillögunnar eru meðal annars skilgreining á tíu lóðum, aðkomu að þeim og byggingarskilmálar. Deiliskipulagið er sett fram á skipulagsupprætti og greinargerð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag – Lækjarbakki og Lækjarbrekka, íbúðarbyggð, Steinsstöðum.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 23. fundi sínum 21. febrúar 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir Lækjarbakka og Lækjarbrekku, íbúðarbyggð, Steinsstöðum. Stærð skipulagssvæðis er 3,4 ha og er svæðið innan íbúðarbyggðar ÍB-801 og skilgreinds þéttbýlis Steinsstaða í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035. Innan skipulagssvæðisins eru 7 íbúðarlóðir auk grænna svæða. Í skipulaginu eru skilgreind lóðarmörk og byggingarskilmálar fyrir núverandi lóðir auk 12 nýrra lóða við Lækjarbrekku og Lækjarbakka. Aðkoma að lóðum við Lækjarbrekku er af Merkigarðsvegi og var staðsetning vegtenginga unnin í samráði við Vegagerðina. Deiliskipulagið er sett fram á skipulagsupprætti með greinargerð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag – Sólheimar 2 í Blönduhlíð.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 26. fundi sínum 10. apríl 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir Sólheimar 2 í Blönduhlíð. Skipulagssvæðið afmarkast af landamerkjum Sólheimar 2 (landnúmer 234457) og er um 11,3 ha að stærð. Deiliskipulagstillagan gerir grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi við dýralækningar á jörðinni og skilgreinir byggingarreiti og byggingarskilmála. Skipulagssvæðið er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Akrahrepps 2010-2022. Deiliskipulagið er sett fram á skipulagsupprætti með greinargerð. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 29. apríl 2024.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. maí 2024